

ÖLDUNGUR HF.

Sóltún 2
105 Reykjavík
Ísland
Sími: 590 6000
Bréfsími: 590 6001
Tölvupóstfangl: soltun@soltun.is

Öldungur hf. opnaði hjúkrunarheimilið Sóltún 7. janúar 2002. Heimilið hefur þjónustusamning við ríkið um rekstur til næstu 25 ára. Íbúar heimilisins eru 92. markmið Sóltúns er að veita íbúum sínum bestu hjúkrun og aðra þjónustu sem völ er á, á hverjum tíma og vera aðlaðandi starfsvettvangur. Allir þættir varðandi hönnun húsnæðis og val á hús- og tækjabúnaði hefur miðast við það. Sóltún tekur þátt í að mennta fagfólk innan heilbrigðisþjónustu í samvinnu við menntastofnanir.

Guðþjónusta verður í Sóltúni 24.apríl kl. 14

SÓTT UM LEYFI FYRIR VIÐBÓTAR HJÚKRUNARRÝMUM

Sóltún hefur sótt um framkvæmdar- og rekstrarleyfi til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis til að stækka hjúkrunarheimilið að Sóltúni 2 og reisa fjögurra hæða nýbyggingu fyrir hjúkrunartengda þjónustu að Sóltúni 4. Tengibygging verður milli húsanna. Framtíðaráformin voru til umræðu á íbúabingi 19. nóvember sl., en starfsfólk Sóltúns hefur unnið að þessum tillögum í 7 framtíðarhópum. Ívar Örn Guðmundsson er arkitekt að nýbyggingunni. Engar athugasemdir komu fram hjá nágrönnum í deili-skipulagskynningu sem lauk fyrir áramót. Mikill skortur er á hjúkrunarrýmum í Reykjavík og eftirspurn að komast að í Sóltúni. Beðið er eftir leyfi frá ráðuneytinu.

Aðstandendur geta fengið sendar auglýsingar í tölvupósti, um uppákomur í Sóltúni. Vinsamlegast hafið samband við móttökuna.

FRÉTTIR ÚR SÓLTÚNI

11.04.2005

ÖLDUNGUR HF.

Í ÞESSU TÖLUBLAÐI

VORFAGNAÐUR 2

HÖFUÐBEINA- OG SPJALD- HRYGGJA-JÖFNUN 2

TÓNLISTAR-MEÐFERÐ 3

NÝTT ÆFINGA-HJÓL 2

BREYTING Á MATSEÐLI 3

SÓTT UM FRAMKVÆMDA-LEYFI TIL HTR 4

VORFAGNAÐUR-HÖFUÐFATASKEMMTUN

Vorfagnaður verður 14. apríl kl. 18. Boðið verður upp á kalkún með heslihnetufyllingu, sinnepssósu, léttsteiktu grænmeti og kartöflugratín. Í eftirrétt er súkkulaðiterta með ferskum ávöxtum og rjómatoppi. Skemmtun hefst í salnum eftir kvöldverðinn kl. 19.30. Ólafur B. Ólafsson leikur á harmonikku og Hildur Vala Einarsdóttir idol stjarna syngur nokkur lög. Aðstandendur þurfa að ská sig og kaupa miða í móttöku fyrir kl. 13 þann 13. apríl. Allir eru hvattir til að mæta með höfuðföt að eigin vali!



VIÐ LEGGJUM ÁHERSLU Á:

- Sjálfræði einstaklingsins
- Virðingu fyrir einkalífi
- Athafnaþrá sé mætt
- Öryggi og vellíðan í fyrirrúmi
- Starfsemin í stöðugri endurskoðun
- Virkt gæðaeftirlit með þjónustu

HÖFUÐBEINA- OG SPJALDHRYGGJAJÖFNUN

Í febrúar var byrjað að bjóða íbúum Sóltúns upp á höfuðbeina- og spjaldhryggjajöfnun. Tilgangur meðferðarinnar er að losa spennu sem veldur verkjum og kvíða og stuðla að betri líðan og jafnvægi. Meðferðin hefur mælst vel fyrir af íbúum og er kominn biðlisti. Helga Björg Helgadóttir hjúkrunarfræðingur sem hefur sérhæft sig í höfuðbeina- og spjaldhryggjajöfnun veitir meðferðina.

TÓNLISTARMEÐFERÐ

Tónlistarmeðferð íbúa með heilabilun hefur verið virkur þáttur í þjónustu Sóltúns. Tilgangur tónlistarmeðferðar er að vinna gegn einmanaleika, vonleysi og aðgerðaleysi. Draga úr kvíða og óróleika, örva mál og efla hæfni einstaklings til að velja. Stuðla að betri líðan og jafnvægi, og efla félagslega samveru og lífsgæði. Tónlist höfðar mjög til fólks með minnissjúkdóma, sérstaklega þegar hún er í samræmi við tónlistarsmekk viðkomandi. Guðríður Björnsdóttir þroskaþjálfari hefur umsjón með meðferðinni.



NÝTT ÆFINGARHJÓL Í SJÚKRAÞJÁLFUN MOTOMED

Sóltún hefur keypt nýtt rafmagnshjól til notkunar í sjúkraþjálfun. Tækið eykur möguleika þeirra sem ekki geta notað hefðbundið hjól til þjálfunar og hentar því vel t.d. minnisskertu fólki og þeim sem ekki geta stýrt hjóli sjálfir. Hjólið vinnur á móti stífni (spasma) í vöðvum, samhæfir vöðvakraft og mælir árangur þjálfunar. Tækið nær einnig að þjálfva aumustu vöðva og hefur sjálfvirkan öryggisstoppara. Tækið hefur hlotið góðar viðtökur hjá íbúum. Eirberg er söluaðili.

Bingó og bíósýning
eru mánaðarlega í salnum.

Myndbandssýningar
eru tvisvar í viku.



BREYTINGAR Á MATSEÐLI Í SÓLTÚNI

Íbúa- og vinaráð Sóltúns hefur haldið reglulega fundi m.a. um matarmálin í Sóltúni. Síðastliðið ár var gerð viðhorfskönnun og staðið var fyrir íbúáþingi í október.

Ýmislegt gagnlegt hefur komið fram og var ákveðið að breyta matseðlum í samræmi við óskir og þarfir íbúanna. Helstu óskir íbúa voru að hafa oftari heitan mat á kvöldin, fækka þunnum súpum og fá oftari grauta. Eins og áður eru mjög skiptar skoðanir á mat almennt í húsinu og við vitum að erfitt verður að uppfylla allar óskir en reynt verður að mæta óskum íbúanna.


Undanfarnar vikur hafa orðið breytingar á matseðlum í Sóltúni í samræmi við óskir og ábendingar.

Í dag er heitur matur öll kvöld nema eitt en þá er smurt brauð með tveimur tegundum af áleggji / slátur og matarmikil súpa eða mjólkurgrautur.

Við leggjum áherslu á að hafa fjölbreytt fæðuúrval og kaupum eingöngu ferskt og gott hráefni.

Maturinn á kvöldin er matreiddur í eldhúsi Sóltúns en hádegismaturinn kemur frá Hrafnistueldhúsinu. Mikil samvinna er orðin um matseðlagerð á milli eldhúsa Hrafnistu, Skógabæjar og Sóltúns. Matseðlar eru endurskoðaðir á 7 vikna fresti.

Guðný Jónsdóttir yfirmatarfræðingur.



Maí mánuður verður tileinkaður heilsueflingu í Sóltúni, áhersla verður lögð á hreyfingu, útiveru og hollt matarræði.